



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2011 (19. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.03.2011 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008 – 2024, - viðbrögð við athugasemdum skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Lagt var fram erindi Sandgerðisbæjar, dags. 21.02.2011, þar sem svarað er athugasemdum skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við auglýsingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024. Aðalskipulagið hefur þegar tekið gildi.

Skipulagsnefndin telur viðbrögð Sandgerðisbæjar við athugasemdum hennar ásættanleg.

2. Deiliskipulag A svæðis, Blikavöllur 5 og Kjóavöllur 1

Fjallað var að nýju um breytingu á deiliskipulagi A svæðis, Blikavöllur 5 og Kjóavöllur 1, sem samþykkt var að auglýsa á fundi skipulagsnefndarinnar þann 21.05.2010. Breytingin á Kjóavelli 1 hafði verið auglýst áður og samþykkt, en Skipulagsstofnun lagðist gegn því að breytingin á skipulagi lóðarinnar yrði birt í B deild Stjórnartíðinda vegna formgalla. Breytingarnar felast í eftirfarandi:

Byggingarreitur lóðarinnar Blikavöllur 5 er breikkaður úr 16 m í 20 m. Heimilt er að fullbyggja reitinn. Lóðin Kjóavöllur 1 er minnkuð um 415 m² og þar með deiliskipulagssvæði A. Ennfremur eru breytingar gerðar á byggingarskilmálum í þá veru að sett eru inn ákvæði um yfirborðsefni bygginga á skipulagssvæðinu, sem fyrir mistök féllu út við breytingu á deiliskipulaginu 2003. Textinn var á þeim tíma samþykktur af SBUN og Varnarliðinu og er nú settur inn aftur óbreyttur. Ákvæðið um yfirborðsefni bygginga er nauðsynlegt svo að ekki komi til truflana á rekstri ratsjárstöðvarinnar á Miðnesheiði (H1).

Engar athugasemdir bárust við auglýsingunni. Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulaginu.



3. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvalla, staða mála**

Skipulagsfulltrúi kynnti undirbúningsvinnu Isavia við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Stofnaður hefur verið vinnuhópur um verkefnið, umfjöllunarefni aðalskipulagsins skilgreind en ráðgjafar hafa ekki verið ráðnir enn sem komið er.

4. **Svæðisskipulag Suðurnesja**

Formaður skipulagsnefndarinnar greindi frá stöðu mála við gerð svæðisskipulags Suðurnesja. Farið er að síga á seinni hluta skipulagsvinnunnar en vantað hefur stefnumörkun frá Keflavíkurflugvelli. Væntanlega verður gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar látið gilda sem framlag til svæðisskipulagsins. Stutt er í að drög að greinargerð verði tilbúin.

5. **Skýrsla Landhelgisgæslunnar um ratsjárstöðina á Miðnesheiði**

Lögð var fram skýrsla Landhelgisgæslunnar, dags. 23.12.2010, um ratsjárstöðina á Miðnesheiði (H1). Skýrslan lýsir þörfum ratsjástöðvarinnar með tilliti til hámarkshæðar bygginga á aðliggjandi svæðum, byggingarefna, staðsetningar bygginga og öryggissvæða vegna almannaheilla.

Skýrslan sem slík leggur ekki skipulagslegar kvaðir á sveitarfélögin en hún er gott og gagnlegt innlegg inn í skipulagsvinnu þeirra.

6. **Erindi Skipulagsstofnunar um gildistöku deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 07.03.2011, þar sem óskað er eftir að veittar verði upplýsingar um gildistöku tiltekinna deiliskipulagsáætlana. Verði upplýsingarnar ekki veittar innan tveggja mánaða verði litið svo á að viðkomandi áætlanir hafi aldrei tekið gildi.

Skipulagsfulltrúi mun svara erindinu.

7. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar verður 20.04.2011.

Fleira ekki gert, fundi slitið.